



Lyfjanefnd Landspítala - fundargerð

Fundur nr.: 5/2025
Dagsetning: 19. mars 2025
Fundartími: 11:00 - 12:30
Staðsetning: Engey, Eiríksstöðum og Teams
Viðstödd: *Aðalmenn*
Agnes Smáradóttir (varamaður ÖG), Eva Ágústsdóttir (varamaður PSG), Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Guðrún I Gylfadóttir (varamaður AJ) og Hlíf Steingrímsdóttir
Varamenn
Guðríður K Þórðardóttir
Starfsmenn
Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir
Fjarverandi: Arnþrúður Jónsdóttir, Gylfi Óskarsson, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason, Sif Sumarliðadóttir, Signý Vala Sveinsdóttir og Örvar Gunnarsson
Gestur: Sigurdís Haraldsdóttir
Fundarstjóri: Gerður Gröndal
Fundarritari: Dóra Guðrún Pálsdóttir

1) Breytingar á skipan lyfjanefndar

Í ljósi þess að HS hefur tekið við nýju, tímabundnu starfi mun hún stíga til hliðar sem formaður í bili og skipta um stöðu við GG, GG verður því formaður lyfjanefndar og HS varaformaður.

2) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. AS mun ekki taka þátt í afgreiðslu á sjúkratilfelli a).

3) Fundargerð nr. 4/2025

Fundargerðin samþykkt

4) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

1) Umsagnir um leyfisskyldu

Lyfjastofnun hefur óskað eftir umsögn um leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:

Ritonavir (Paxlovid) – nýtt lyf

Um er að ræða stutta töflumeðferð við Covid sem ekki er mjög kostnaðarsöm og því ekki ástæða til að gera lyfið leyfisskyld

- *mælt er með því að leyfisskyldu verði hafnað*

Mavacamtenum (Camzyos) – nýtt lyf

- *mælt er með því að leyfisskylda verði samþykkt*

2) Önnur mál

a) *Minnisblað vegna fjárlagaliðar leyfisskyldra lyfja*

Fundað hefur verið með heilbrigðisráðuneytinu vegna minnisblaðs sem forstjóri sendi til ráðuneytisins í lok febrúar og niðurstaðan er sú að litlar líkur eru á auknum fjárheimildum á árinu.

Farið yfir efni minnisblaðsins.

Ljóst er að til þess að halda kostnaði innan heimilda er ekki hægt að samþykkja greiðsluþátttöku í nýjum lyfjum og ábendingum, einstaklingsbundna greiðsluþátttöku eða setja nýja sjúklinga á meðferðir sem samþykktar voru á síðasta ári.

Kostnaður við leyfisskyld lyf eykst á ári hverju vegna nýrra, dýrra lyfjameðferða, íbúafjölgunar, bættrar lifunar o.fl. Ef ekki fæst aukið fjármagn mun Ísland dragast hratt aftur úr hinum Norðurlöndunum og erfitt að tryggja jafnræði ef nýir sjúklingar geta ekki fengið meðferðir sem fordæmi eru fyrir.

Nauðsynlegt er að skoða vel allar mögulegar leiðir til að hagræða, t.d. með því að nota hagstæðasta kost og betri eftirfylgd með árangri meðferðar.

Fundi slitið kl. 12:02